

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 17. maí 2005

Hörður Sigurgestsson

Góðir fundarmenn.

Um leið og ég set þennan fund býð ég ykkur velkomin til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2004, sem er fjórði aðalfundur félagsins. Síðasti aðalfundur var haldinn 14. maí 2004.

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað 14. nóvember 2001 og verður því fjögurra ára síðar á þessu ári. Meginmarkmið fyrirtækisins er að reka sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir sem flest af bókasöfnum landsins og hefur það kerfi, Gegnir, verið í notkun undanfarin tvö ár. Félagið var stofnað af um 40 sveitarfélögum og ríkinu og eru hluthafar nú orðnir 47 talsins. Á árinu 2004 bættust fjórir hluthafar í hópinn, og eru það Borgarbyggð, Grýtubakkahreppur, Kópavogsbær og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Þá hefur sameining sveitarfélaga haft í för með sér að þeim landsmönnum fjölgar sem geta notað sér kerfið á almenningsbókasöfnum sínum.

Það tók lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir að koma bókasafnskerfi félagsins í rekstur, sem er þekktur vandi þegar verið er að fást við ný tölvukerfi. Fyrsti mikilvægi áfanginn náðist þegar bókasafnskerfið Gegnir var opnað almenningi 19. maí 2003 með um tug bókasafna. Annar megináfangi var þegar um hundrað bókasöfn bættust við kerfið 5. apríl 2004. Eins og stendur nota um 130 söfn og safnútibú kerfið til útlána en um 170 ef þau söfn eru talin með sem skráð hafa eintök í kerfið án þess að nota það til útlána.

Í næstu framtíð er ráðgert að bókasöfn nokkurra framhaldsskóla taki kerfið í notkun, og einnig nokkur sérfræðisöfn. Raunhæft er að ætla að allt að 200 söfn tengist kerfinu í fyrirsjáanlegri framtíð. Talið er að um 400 bókasöfn séu í landinu, en mörg þeirra eru afar smá og ekki í stakk búin til að nýta sér miðlægt bókasafnskerfi. Það er

þýðingarmikið vegna rekstrar fyrirtækisins og fjárhagsafkomu að fleiri söfn bætist við sem fyrst.

Þegar hundrað bókasöfn bættust við kerfið í apríl 2004 sköpuðust talsverð vandamál í bókfræðigrunni kerfisins vegna samruna gagna. Birtust þau notendum meðal annars í því að bókfræðifærslur voru tvíteknar og sama bókin virtist jafnvel koma upp mörgum sinnum. Á síðari hluta ársins var að mestu unninn bugur á þessu vandamáli og má telja það vel að verki staðið, því hér var um að flókin gagnasöfn að ræða og mjög stór á íslenska vísu. Hafa starfsmenn bókasafna lagt drjúgan skerf til þessara verkefna, í samvinnu við starfsmenn Landskerfis bókasafna, sem vert er að þakka. Þurfti töluverða þolinmæði starfsmanna þessara safna, forstöðumanna, starfsmanna og stjórnar Landskerfisins til að standast þessa áraun. Ég vil sérstaklega þakka þeim sem leystu úr þessum viðkvæmu vandamálum.

Eftir því sem fleiri söfn taka kerfið í notkun, verður mikilvægara að gott samstarf sé á milli aðildarsafna, meðal annars varðandi bókfræðilega skráningu. Af því tilefni var komið á fót svonefndu skráningarráði Gegnis árið 2003 og gegnir það mikilvægu hlutverki við stefnumótun og gæðaeftirlit á sviði skráningar. Í þessu ráði sitja fimm bókasafnsfræðingar og hafa sér til ráðuneytis þrjá sérfræðinga aðra. Þetta ráð heldur að jafnaði einn fund í mánuði og starfar á vegum Landskerfis bókasafna. Hagsmunir og áherslur bókasafna sem aðild eiga að Gegni eru með ýmsum hætti, enda er þarna um að ræða stjórnarsýslusöfn, almenningsbókasöfn, rannsóknarbókasöfn og skólabókasöfn. Ef sú mikla fjárfesting sem kerfið felur í sér á að nýtast, þurfa notendurnir að hafa með sér gott samstarf. Hafa leiðandi bókasöfn axlað ábyrgð hvað þetta varðar og lagt til það vinnuafli sem nauðsyn krefur hverju sinni. Auk þess hefur notendafélag kerfisins, Alefli, átt þátt í því að liðka fyrir samvinnu með samráðsfundum vor og haust.

Á síðasta ári var stærsta verkefni okkar að taka ný söfn inn í kerfið og vinna að lagfæringu gagna. Enn er unnið að úrlausn ýmiss konar vanda sem upp hefur komið við innleiðingu úr eldri kerfum. Ýmislegt er hins vegar að baki og sér fyrir lausn á flestum óleystum verkefnum sem tengjast innleiðingunni á þessu ári. Þá ber að nefna að kennsla var snar þáttur í starfsemi ársins vegna hinna nýju notenda sem þá bættust við. Um 600 nemendur sóttu námskeið og voru þau um 60 talsins.

Í kerfinu voru við síðustu talningu um 845 þúsund titlar skráðir, en rúmlega 2,9 milljónir eintaka. Heildarfjöldi útlána er nú um 230 þúsund ný útlán á mánuði. Skráðir lánþegar eru um 123 þúsund.

Nú eru þrjú verkefni framundan. Í fyrsta lagi er uppfærsla bókasafnskerfisins. Stefnt er að því að uppfærsla þess í útgáfu 16 verði tilbúin til notkunar hér um næstu áramót. Útgáfan sem við notum nú er númer 14. Nýjar uppfærslur fela í sér endurbætur sem hafa verið taldar nauðsynlegar og gera kerfið notendavænna. Með árlegu afnotagjaldi okkar af kerfinu eigum við rétt á nýjum uppfærslum og má gera ráð fyrir að næsta uppfærsla verði tekin í gagnid að tveimur árum liðnum.

Í öðru lagi er innleiðing SFX og MetaLib, kerfa sem auðvelda notkun á rafrænum gögnum á vefnum, og gera kleift að leita í mörgum gagnagrunnum samtímis. Vinna að þessu verkefni er um það bil að hefjast og er stefnt að því að SFX verði tekið í notkun í lok þessa árs en MetaLib á árinu 2006.

Í þriðja lagi er vinna við að bæta nýjum söfnum við kerfið. Þar er einkum um að ræða bókasöfn rannsóknarstofnana og framhaldsskóla og þegar þessi söfn bætast í hópinn verður haft að leiðarljósi að gögn sem fyrir eru í kerfinu spillist ekki.

Hluthafar í Landskerfi bókasafna hf. voru í árslok samtals 47. Í árslok áttu tveir hluthafar yfir 10% hlut í félaginu en það voru íslenska ríkið með 52,3% og Reykjavíkurborg með 20,6% hlut. Eigið fé var í árslok 2004 87,9 milljónir króna en hafði árið áður verið 81,1 milljón króna. Veltan varð 77,1 milljón króna en var árið áður 74,8 milljónir króna. Þjónustugjöldin hækkuðu ekki milli ára og hafa þau verið í meginatriðum óbreytt frá upphafi. Um síðustu áramót var þó tekið tillit til breytts íbúafjölda í sveitarfélögum og nemendafjölda í skólum í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar. Rekstrarafkoman árið 2004 var tap að upphæð 726 þúsundir króna en var árið áður tap að upphæð 572 þúsund krónur. Tekjur frá ríkinu og söfnum í eigu ríkisins voru 48,4% af heildartekjum en voru 49,5% árið áður; tekjur af samningum við sveitarfélög voru 51,6% en voru 50,5% árið áður.

Samskipti við birgja okkar og viðskiptamenn hafa verið í meginatriðum góð. Tveir stærstu birgjarnir eru ANZA hf. vegna hýsingarsamnings og Ex Libris vegna þjónustusamnings um bókasafnskerfið. Kostnaður af hýsingarsamningnum er 32% af heildarkostnaði síðasta árs. Fyrir hönd ANZA er það fyrirtækið Skrín hf. á Akureyri sem annast þjónstuna við Landskerfið, en nýlegur eigandi þess fyrirtækis er Skýrr hf. Geta má þess að um mitt næsta ár rennur hýsingarsamningur okkar við ANZA út og skapast þá væntanlega tækifæri til að leita hagkvæmari samnings um hýsingu en við höfum haft til þessa. Hluttur þjónustusamnings við Ex Libris í heildarkostnaði okkar er 12%.

Á sama tíma gerum við ráð fyrir að framlengja samninga við viðskiptamenn okkar, sem eru með fáum undantekningum sveitarfélög og ríkisstofnanir.

Á síðastliðnu starfsári hélt stjórnin samtals 9 stjórnarfundir. Ég vil þakka samstjórnarmönnum mínum fyrir samstarfið sem gekk vel. Ég þakka sömuleiðis ánægjulegt samstarf við framkvæmdastjóra félagsins, Árna Sigurjónsson. Ég þakka enn fremur starfsfólki fyrirtækisins mjög þýðingarmikið framlag þeirra. Loks vil ég þakka hluthöfum og bókasöfnum fyrir samstarf, og vona að þeim sýnist að til nokkurs hafi verið unnið.

Takk fyrir.